

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 505/2010

2011/EES/55/23

frá 14. júní 2010

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til mannelis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN
HEFUR,

EVROPUSAMBANDSINS

fyrir lýðheilsu. Af þeirri ástæðu eru framleiðsluvæðin flokkuð eftir því hvort tilteknar örverur sem tengjast saurmengun finnast á þeim.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-sambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til mannelis (¹), einkum 1. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 er mælt fyrir um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til mannelis.

2) Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 er kveðið á um að aðildarríkin skuli sjá til þess að opinbert eftirlit sé haft með framleiðslu og setningu lifandi samlokna og, á hliðstæðan hátt, lifandi skrápdyra, möttuldýra og sæsnigla á markað eins og lýst er í II. viðauka. Í II. kafla viðaukans eru sett fram ákvæði um flokkun framleiðsluvæða og vöktun þeirra.

3) Framleiðsluvæði eru flokkuð eftir því hve mikillar saurmengunar gætir á þeim. Örverur geta safnast fyrir í síurum, s.s. samlokum, og það gæti haft í för með sér áhættu

4) Yfirleitt eru sæsniglar ekki síarar og af þeim sökum telst hverfandi hætta á því að í þeim safnist upp örverur sem tengjast saurmengun. Ekki hafa heldur verið lagðar fram neinar faraldsfræðilegar upplýsingar sem sýna fram á tengsl milli ákvæða um flokkun á framleiðsluvæðum og áhættu fyrir lýðheilsu vegna sæsnigla sem ekki eru síarar.

5) Með tilliti til þessarar vísindalegu framvindu ættu því sæsniglar, sem ekki eru síarar, ekki að falla undir þau ákvæði sem gilda um flokkun framleiðsluvæða.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 149, 15.6.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, 6.10.2011, bls. 13.

(¹) Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júní 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 er breytt sem hér segir:

„III. KAFLI: OPINBERT EFTIRLIT MEÐ DISKUM OG LIFANDI SÆSNIGLUM, SEM ERU EKKI SÍARAR, SEM ERU TEKNIR UTAN FLOKKAÐRA FRAMLEIÐSLUSVÆÐA

Opinbert eftirlit með diskum og lifandi sæsniglum, sem eru ekki síarar, sem eru teknir utan flokkaðra framleiðslusvæða, skal fara fram á fiskuppboðsstöðum, afgreiðslustöðvum og vinnslustöðvum.

Með slíku opinberu eftirliti skal sannreyna að heilbrigðiskröfur fyrir lifandi samlokur, sem mælt er fyrir um í V. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, séu uppfylltar sem og aðrar kröfur í IX. kafla VII. þáttar III. viðauka við þá reglugerð.“
